

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð um stofnanapjónustu fyrir aldraða, nr. 1580/2024.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. reglugerðarinnar:

a. Í stað fjárhæðarinnar „133.122 kr.“ í 1. mgr. kemur: 140.045 kr.

b. Í stað fjárhæðarinnar „582.654 kr.“ í 1. mgr. kemur: 612.952 kr.

2. gr.

Við reglugerðina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi: Vegna útreiknings á dvalarframlagi skv. 21. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, er á tímabilinu 1. janúar 2026 til og með 1. apríl 2026 unnt að óska eftir því að Tryggingastofnun ríkisins beri saman útreikning dvalarframlags fyrir og eftir gildistöku laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra, nr. 166/2006, og laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um Ábyrgðasjóð launa, lögum um fæðingar- og foreldraorlof, lögum um málefni aldraðra og lögum um húsnæðismál, nr. 120/2009. Ef samanburðurinn sýnir aukna kostnaðarþátttöku heimilismanns frá því sem var fyrir gildistöku þeirra laga skal leiðrétta dvalarframlag vegna framangreinds tímabils til samræmis við það.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 29. gr., sbr. 24. gr. og 12. mgr. 26. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, öðlast gildi 1. janúar 2026.

Heilbrigðisráðuneytinu, 17. desember 2025.

Alma D. Möller.

Sigurður Kári Arnason.

B deild - Útgáfudagur: 29. desember 2025